

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2012 hefur iðnaðarráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar verður sem hér segir:

á veitusvæði HS veitna	3,04 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli	4,32 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	2,87 kr./kWst.,
á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar	2,59 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli	4,25 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	3,15 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur	3,23 kr./kWst.,
á veitusvæði Norðurorku	2,92 kr./kWst.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum.

RARIK	2,20 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	2,12 kr./kWst.,
HS veitur	76,60 kr./m ³ .

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðal raforkuverði til húshitunar í dreifbýli, að nýting olíuhitunarkerfis sé 90% og olíuverð á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 1,50 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2012 hefur iðnaðarráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst. á ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³ á ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítra af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. janúar 2012.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 2011.

Katrín Júlíusdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.